

Ed.

56. Frumvarp til laga

[55. mál]

um framleiðnilánadeild við Framkvæmdabanka Íslands.

Flm.: Helgi Bergs, Karl Kristjánsson, Hermann Jónasson, Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Stofna skal við Framkvæmdabanka Íslands lánadeild, sem nefnist framleiðnilánadeild.

2. gr.

Tilgangur framleiðnilánadeildar er að veita framleiðsluatvinnuvegunum lán umfram þau, sem fáanleg eru hjá stofnlánasjóðunum, í því sérstaka augnamiði að bæta framleiðnina með aukinni véltækni og fullkomnara framleiðsluskipulagi.

3. gr.

Starfsfé deildarinnar er:

1. Framlag ríkissjóðs, sem skal vera 10 milljónir króna á ári næstu 10 ár, nema herra framlag kunni að verða ákveðið í fjárlögum.
2. Seðlabanki Íslands skal tryggja sölu skuldabréfa, sem Framkvæmdabanki Íslands gefur út vegna deildarinnar, að upphæð 20 milljónir króna á ári næstu 10 ár. Bréfin séu til a. m. k. 15 ára, en vextir skulu ákveðnir af ráðherra. Bréfin séu tryggð með ábyrgð ríkissjóðs. Ákvæði 2. málslíðar 6. gr. laga nr. 17 1952, um Framkvæmdabanka Íslands, taka ekki til skuldabréfa deildarinnar.
3. Framkvæmdabanki Íslands leggur deildinni til $\frac{1}{5}$ hluta tekjuafgangs síns ár hvert.
4. Lán umfram það, sem um ræðir í 2. tölulið, getur deildin tekið innanlands eða utan, eftir því sem þörf krefur og aðstæður leyfa, allt að 100 milljónum króna. Ríkissjóður ábyrgist slík lán.

4. gr.

Umsóknir um lán úr framleiðnilánadeild skulu sendar Framkvæmdabankanum. Þeim skal fylgja:

1. Ýtarleg lýsing á því, hvernig verja eigi lánsfénu.
2. Upplýsingar um tryggingar þær, sem umsækjandi getur sett.
3. Rekstrar- og efnahagsreikningur umsækjanda, ef um starfandi fyrirtæki er að ræða.
4. Aðrar upplýsingar, sem umsækjandi telur máli skipta eða bankinn óskar eftir.

5. gr.

Þegar umsókn hefur borizt, skal leita umsagnar lðnaðarmálastofnunar Íslands og/eða Fiskifélags Íslands eða Búnaðarfélags Íslands, eftir því sem við á, um það, hvort tilgangur umsækjanda með lánsúmsókninni sé í samræmi við tilgang þessara laga.

Að slíkri úmsögn fenginni ákveður bankaráð, hvort lánið skuli veitt, enda hafi bankinn áður kannað hag umsækjanda og veðhæfni framboðinna trygginga.

6. gr.

Lán úr deildinni má ekki vera herra en svo, að það að viðbættum stofnlánum nemi 80% kostnaðar við þær framkvæmdir og endurbætur, sem lánað er til. Lánstíma ákveður bankaráð.

7. gr.

Vextir af útlánum deildarinnar skulu ákveðnir af bankaráði með samþykki ráðherra. Höfð skal hliðsjón af vaxtakjörum stofnlánasjóða atvinnveganna.

8. gr.

Lánin skulu tryggð með veðum í fasteignum, vélum, skipum eða hliðstæðum eignum. Skulu þau veitt gegn 1. veðrétti. Þó er heimilt að veita lán gegn 2. veðrétti, ef á undan eru lán úr Iðnlánasjóði, Stofnlánadeild sjávarútvegsins, Stofnlánadeild landbúnaðarins og/eða Fiskveiðisjóði Íslands. Lán úr framleiðnilánadeild að viðbættum öðrum stofnlánum, sem hafa betri veðrétt, skulu aldrei nema meira en 75% af endurkaupsattsverði veðsins að frádregnum eðlilegum fyrningum. Bankinn skal hafa effirlit með því, að veðum sé vel við haldið og þau séu nægilega váttryggð.

9. gr.

Nánari ákvæði um starfsemi framleiðnilánadeildar má setja með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er tilgangur flm. með frv. þessu að koma því til leiðar, að stofnuð verði sérstök lánadeild, sem hafi það hlutverk að stuðla að sem mestri aukningu á framleiðni atvinnuveganna.

Framleiðni er, eins og kunnugt er, skilgreind sem hlutfallið á milli nettó-vinnsluvirðis og þeirrar vinnu, sem í viðfangsefnið er lögð. Framleiðnin er þannig mælikvarði á þau verðmæti, sem skapast fyrir hverja vinnueiningu.

Það er alkunna, að framleiðsluaukning þjóðarinnar á undanförunum árum á ekki nema að nokkru leyti rót sína að rekja til framleiðniaukningar og fólksfjölgunar. Þar kemur einnig til, að fólk hefur lagt á sig aukna vinnu, og er nú svo komið, að vinnutími er hjá mörgum orðinn svo langur, að ekki getur við svo húið staðið til frambúðar.

Vinnutímann verður að stytta, en til þess að það geti gerzt án tekjumissis, verður að leggja áherzlu á að auka framleiðnina.

Þær breytingar, sem hafa verið gerðar á tollalöggjöfinni undanfarin ár, hafa heldur stefnt í þá átt að minnka en auka tollvernd íslenzks iðnaðar. Um þessar breytingar hefur í grundvallaratriðum ekki verið ágreiningur á Alþingi, og með hliðsjón af þeirri þróun, sem á sér stað í tollamálum viðskiptalanda okkar, má eins vel gera ráð fyrir, að áfram verði haldið í þessa stefnu. Af því mundi leiða, að íslenzkur iðnaður yrði að glíma við vaxandi samkeppni einnig á innlendum markaði.

Undanfarið hafa farið fram víðtækar athuganir á vegum ríkisstjórnarinnar, hagsmunasamtaka iðnaðarins og annarra aðila á þeim vandmálum, sem þessi þróun skapar íslenzkum iðnaði. M. a. hefur starfað hér sérfræðingur frá Efnahags- og framfarastofnuninni að athugun á þessum málum ásamt innlendum sérfræðingum. Niðurstöður hans hafa ekki verið birtar opinberlega. Aðrir aðilar, sem fjallað hafa um þessi mál, munu vera sammála um það, að iðnaðurinn verði að aðlaga sig nýjum viðhorfum með því að gera öflugt átak til að auka framleiðni sína. Til þess að það megi takast sem bezt, þarf að fara fram umfangsmikil endurskipulagning iðngreina og fyrirtækja til þess að koma á fullkomnari framleiðsluáðferðum, aukinni vél-tækni og meiri vinnuhagræðingu.

Svipuð sjónarmið eiga einnig við um aðra atvinnuvegi, og hvað sem líður samkeppni við aðrar þjóðir, sem lengra eru komnar á sviði tækni og vélmenningar, þá er það auðvitað alltaf til hagsbóta fyrir þjóðina alla að bæta framleiðsluáðferðir sínar og auka framleiðni.

Til þess að verulegur árangur megi nást í þessu efni, þarf margt að koma til, eins og réttilega er bent á í grg. með frv. framsóknarmanna í Nd. um vaxtalækkun o. fl.: bætt tæknimenntun í landinu, stóraukin leiðbeiningastarfsemi í framleiðslumálum og mjög mikið fjármagn.

Frv. þetta lýtur að hinu síðastnefnda atriði og miðar að því að bæta fjárhagslegan grundvöll fyrir þeim stórfelldu endurbótum, sem óhjákvæmilegar eru.

Þegar Framkvæmdabanki Íslands var stofnaður árið 1953, vakti það fyrir Alþingi, að hann skyldi m. a. gegna svipuðu hlutverki og framleiðnilánadeildinni er ætlað. Í lögum nr. 17 1953 er hlutverk hans ákveðið allmiklu víðtækara, og svo hefur einnig reynzt í framkvæmd. Hefur því þótt rétt að leggja til, að stofnuð sé sérstök lánadeild, sem hafi þetta hlutverk. Eðlilegt þykir, að hún sé deild í Framkvæmdabankanum, sem hefur svo skylt hlutverk.

Gert er samkv. 3. gr. frv. ráð fyrir, að fjár til þessarar lánastarfsemi sé aflað með fernu móti:

1. Gert er ráð fyrir, að 100 millj. kr. verði lagðar fram úr ríkissjóði á næstu 10 árum. Hér er um að ræða svo þýðingarmikið verkefni fyrir þjóðarheildina alla, að rétt þykir, að fé sé lagt fram úr ríkissjóði, enda tæplega eðlilegt að byggja slíka lánastarfsemi eingöngu á lánsfé.
2. Þá er gert ráð fyrir, að Seðlabankinn tryggi sölu á skuldabréfum að upphæð 200 millj. kr. á næstu 10 árum. Möguleikar Seðlabankans til að tryggja slíka sölu eru margvíslegir. Hann hefur undir höndum mörg hundruð milljónir króna af sparifé landsmanna á bundnum reikningum banka og annarra innlánastofnana, og enn er í gildi heimild handa honum til að binda hluta sparifjárukn-ingarinnar. Framsóknarmenn í Nd. hafa í frv. sínu um vaxtalækkun o. fl. lagt til, að sú heimild falli niður að því er tekur til sparifjáruknningar eftir samþykkt þess frv. Eins og segir í greinargerð þess, er tilgangur þeirra að koma í veg fyrir tilgangslausa frystingu sparifjár þjóðarinnar, en jafnframt lýsa þeir þeim vilja sínum, að sparifénu sé beint inn í þá farvegi, þar sem nauðsyn þjóðarheildarinnar fyrir fé sé mest. Ákvæði 2. töluliðar 3. gr. er liður í þeirri viðleitni.
3. Þá er gert ráð fyrir, að Framkvæmdabankinn leggi deildinni til hluta af tekjuafgangi sínum.
4. Að endingu er gert ráð fyrir lántöku eftir ástæðum, allt að 100 millj. kr., með ábyrgð ríkissjóðs.